


# VIÐBRÖGÐ VIÐ JARÐSKJÁLFTA



## Ef þú ert innandyra þegar jarðskjálfti verður:

- Haltu kyrru fyrir, mörg slys verða þegar hlaupið er af stað
- Farðu undir borð, verðu höfuð, andlit og háls, haltu þér húsgögn
- Haltu þig frá gluggum – þeir geta brotnað
- Fylgdu öllum fyrirmælum starfsmanna skólans



Mynd: Tekin af vef almannavarna

## Ef þú ert á skólalóð þegar jarðskjálfti verður:

- Vertu áfram úti ef þú verður hrædd/hræddur kallaðu eftir fullorðnum
- Farðu að safnsvæði – númeri þíns bekkjar
- Fylgdu fyrirmælum starfsmanna skólans

## Ef þú ert utandyra ekki á skólalóð þegar jarðskjálfti verður:

- Vertu róleg/ rólegur, mundu eftir krjúpa, skýla, halda
- Grjóthrun, skriður og snjóflóð geta fallið úr hlíðum og fjallendi
- Rafínur eru hættulegar ef þær slitna – varist að snerta þær
- Fylgdu fyrirmælum starfsmanna skólans

Hafa skal í huga að ef um stóran jarðskjálfta er að ræða þá er mikilvægt að allir haldi ró sinni og hlaupi ekki út úr stofunni og fram á gang. Í upplýsingum frá almannavörnum er talað um að allir haldi sig á sínum stað, klæði sig í útiföt og fari í röð inni í stofunni og bíði þar. Umsjónarkennari verður svo að meta hvort hægt sé eða æskilegt sé að fara fram á gang og út úr húsinu. Almannavarnir leggja áherslu á að ekki sé hlaupið út úr húsinu við þessar aðstæður svo ekki skapist ringulreið.

**Gott er að setja á minnið orðaröðina:**

**KRJÚPA – SKÝLA – HALDA**